

Verklag barnaverndar og lögreglu vegna réttarlæknisfræðilegra skoðana á LSH

Sameiginlegt verklag barnaverndarþjónusta og lögreglu vegna rökstudds gruns um kynferðisbrot gegn barni á aldrinum 0-12 ára. Um er að ræða réttarlæknisfræðilegar skoðanir þar sem m.a. er leitað áverka og réttarlæknisfræðilegra gagna er safnað. Réttarlæknisfræðilegar skoðanir fara fram á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisafbrotá (NM) á Landspítala í Fossvogi.

Eftirfarandi verklag á við er upplýsingar berast til lögreglu eða barnaverndar um rökstuddan grun um kynferðisbrot gegn barni sem þarfnast læknisskoðunar hið fyrsta. Eftirfarandi er tímarammi fyrir bráðalæknisskoðun:

- Innan 72 klst frá atvikinu
- Ef barnið er með verk, óþægindi eða blæðingu frá leggöngum eða endaparmi þarf það skoðun strax.

Ef lengra er liðið frá atvikinu eða engin einkenni um áverka þá vísar barnavernd málinu í Barnahús.

ATH: um er að ræða meginreglur ef umsjáraðili liggur ekki undir grun.

Umsjáraðili er sá aðili sem fer með daglega umsjá barns varanlega eða um stuttan tíma; forsjáraðili, umgengnisforeldri, aðilar sem hafa barn í fóstri/vistun eða bera ábyrgð á umsjá þess tímabundið (t.d. skyldmenni eða vinafólk)

Ef barn, umsjáraðilar þess og barnavernd eiga ekki heimangengt á NM innan þess tímaramma sem um ræðir eða það er talið sinna hagsmunum barnsins best að skoðun fari fram á sjúkrahúsi í þeim landsfjórðungi sem það býr í, þá er haft samband við viðeigandi sjúkrahús. Verklag þetta hefur verið kynnt viðeigandi aðilum innan sjúkrahúsanna og hafa viðkomandi fullan aðgang að starfsfólki NM til stuðnings.

1. Upplýsingar berast til lögreglu:

- Aðili/ar mæta/hringja í lögreglu og bera upp erindi sitt um mögulegt kynferðisbrot gegn barni
 - o Lögregla tekur við upplýsingunum, skráir atvikalýsingu og það sem á að hafa átt sér stað.
 - Atriði sem skipta máli:
 - Hver er grunurinn og hvers vegna hefur grunur komið fram?
 - Hver er mögulegur vettvangur brots (staðsetning)?
 - Hver er grunaður um að brjóta á barninu?
 - Eru einhverjir áverkar svo vitað sé?
 - Hvar er barnið?
 - Tengsl þess sem kemur með barninu og barnsins (umsjáraðili eða annar?)
 - Eru sönnunargögn/lífsýni sem þarf að varðveita (t.d. á fötum eða líkama barns)?
- Lögregla skráir þjóðskrárupplýsingar um þann sem veitir upplýsingarnar, barnið og þann sem grunaður er um að hafa brotið á barninu ef það liggur fyrir. Skráir einnig símanúmer þess sem gefur upplýsingarnar svo unnt sé að hafa samband við viðkomandi.
- Lögregla upplýsir tilkynnanda um að haft verði samband við barnavernd, og að upplýsingum sem fram hafa komið sé miðlað til barnaverndar sem mun hafa samband við umsjáraðila og stýra aðgerðum.
- Lögregla hefur samband við barnavernd vegna framkominna upplýsinga, miðlar upplýsingunum sem komu fram hjá tilkynnanda. Stutt samráð um næstu skref málsins, m.a. hvort óska skuli réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Fossvogi (NM) og hvort lögregla/barnavernd telji að leggja skuli fram kæru áður en skoðun á sér stað (skráist formlega sem tilkynning skv. 18. gr.).
 - o Leggja þarf mat á það hvort tilkynnandi sé beðinn um að bíða á lögreglustöð þar til barnavernd er komin á staðinn eða er frjálst að fara og barnavernd verður í símasambandi við tilkynnanda.

1.2 Upplýsingar berast frá lögreglu til barnaverndar (á grundvelli 18. gr.):

- Barnavernd hefur samband við umsjáraðila og kynnir að lögregla hafi haft samband vegna framkominna upplýsinga. Barnavernd aflar frekari upplýsinga ef þörf krefur og endurmetur fyrra sameiginlega mat barnaverndar og lögreglu um þörf á læknisfræðilegri skoðun ef nýjar upplýsingar varpa frekara ljósi á stöðuna. Á samráð aftur við lögreglu ef ástæða þykir til.
 - o Ef þörf er á að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun er mikilvægt að kanna afstöðu umsjáraðila og/eða barns til þess að framkvæma slíka skoðun.

- **ATH:** ef umsjáraðili er því mótfallinn en mikilvægi skoðunar talið mikið þarf barnavernd að taka afstöðu til þess að beita neyðarráðstöfun skv. 31.gr. svo unnt sé að framkvæma skoðun.
- Ef mat barnaverndar er að þörf er á að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun þá hefur starfsmaður barnaverndar samband við NM, óskar eftir skoðun og skipuleggur komu barnaverndar, barns og umsjáraðila með NM.
 - Ákveða þarf tímasetningu komu barnaverndarstarfsmanns, barns og umsjáraðila.
- Barnavernd hefur samband við umsjáraðila/barn og kynnir að skoðun muni eiga sér stað á fyrirfram ákveðnum tíma. Starfsmaður ákveður með umsjáraðila hvar viðkomandi hittir barn og umsjáraðila í aðdraganda komu á Landspítala í Fossvogi.

1.3 Komið er á NM

- Barnaverndarstarfsmaður, barn og umsjáraðili skulu mæta í aðalanddyri Landspítala í Fossvogi á fyrirfram ákveðnum tíma þar sem hjúkrunarfræðingur NM tekur á móti viðkomandi aðilum og fylgir þeim í hvíldarherbergi sem er staðsett fyrir framan skoðunarherbergi NM.
- Barnaverndarstarfsmaður og starfsmaður NM (hjúkrunarfræðingur eða læknir) fara saman inn á skoðunarherbergi NM. Barnavernd greinir frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir og afhendir beiðni barnaverndar um skoðun. Samráð um næstu skref og hvernig skoðun mun eiga sér stað.
- Starfsmaður barnaverndar snýr aftur í hvíldarherbergið þar sem barn og umsjáraðili biðu.
- Starfsmaður NM býður barni og umsjáraðila í skoðunarherbergi NM þar sem skoðun fer fram.
- Að skoðun lokinni er barni og umsjáraðila vísað aftur í hvíldarherbergi þar sem þau bíða á meðan starfsmaður barnaverndar fær upplýsingar um hvað var gert og hvað kom fram við skoðun frá starfsmanni NM í skoðunarherbergi.
- Starfsmenn barnaverndar og NM snúa aftur í hvíldarherbergið þar sem formlegu ferli skoðunar er lokið. Ef þörf er á eftirfylgni af hálfu NM (t.d. ef niðurstaðna er beiðni úr kynsjúkdómaprófum) ræðir starfsmaður NM einslega við umsjáraðila áður en starfsmaður barnaverndar, barn og umsjáraðili yfirgefa Landspítala.

2. Upplýsingar berast til barnaverndar (á grundvelli 16.gr./17.gr.) :

- Aðili/ar mæta/hringja í barnavernd og bera upp erindi sitt um mögulegt kynferðisbrot gegn barni
 - Barnavernd tekur við upplýsingunum, skráir frásögn og atvikalýsingu.
 - Atriði sem skipta máli:
 - Hver er grunurinn og hvers vegna hefur grunur komið fram?
 - Hver er mögulegur vettvangur brots (staðsetning)?
 - Hver er grunaður um að brjóta á barninu?
 - Eru einhverjir áverkar svo vitað sé?
 - Hvar er barnið?

- Veit barnið/umsjáraðili að verið sé að tilkynna um mögulegt brot til barnaverndar?
 - Tengsl þess sem kemur með barninu og barnsins (umsjáraðili eða annar?)
 - Eru sönnunargögn/lífsýni sem þarf að varðveita?
- Barnavernd skráir niður upplýsingar um þann sem veitir upplýsingarnar (tilkynnandi), barnið og þann sem grunaður er um að hafa brotið á barninu ef það liggur fyrir.
 - Sé tilkynnandi annar en barnið eða umsjáraðili þess hefur barnavernd samband við umsjáraðila vegna framkominna upplýsinga (metur hvort samtal á sér stað í gegnum síma eða á ákveðnum stað).
 - Barnavernd fer yfir hvaða upplýsingar hafa komið fram og aflar frekari upplýsinga ef þörf krefur m.t.t. þess gruns sem er uppi um kynferðisbrot gegn barni.
 - Barnavernd metur hvort framkomnar upplýsingar bera með sér að óska þurfi réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á NM.
 - Ef barnavernd telur að óska þurfi réttarlæknisfræðilegrar skoðunar eða vill meta það með lögreglu: barnavernd kynnir umsjáraðilum/barni að miðla þurfi upplýsingum til lögreglu
 - Barnavernd hefur samband við lögreglu vegna framkominna upplýsinga, miðlar upplýsingunum sem hafa komið fram um meint kynferðisbrot gegn barni. Stutt samráð um næstu skref málsins, m.a. hvort óska skuli réttarlæknisfræðilegrar skoðunar og hvort lögregla/barnavernd telji að leggja skuli fram kæru áður en skoðun á sér stað.
 - Ef mat barnaverndar og lögreglu er að framkvæma þurfi réttarlæknisfræðilega skoðun er mikilvægt að kanna afstöðu umsjáraðila og/eða barns til þess að framkvæma slíka skoðun.
 - **ATH:** ef umsjáraðili er því mótfallinn en mikilvægi skoðunar talið mikið þarf barnavernd að taka afstöðu til þess að beita neyðarráðstöfun skv. 31.gr. svo unnt sé að framkvæma skoðun.
 - Ef þörf er á að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun þá hefur starfsmaður barnaverndar samband við NM, óskar eftir skoðun og skipuleggur komu barnaverndar, barns og umsjáraðila með starfsmanni NM.
 - Ákveða þarf tímasetningu komu barnaverndarstarfsmanns, barns og umsjáraðila á NM
 - Barnavernd hefur samband við umsjáraðila/barn og kynnir að skoðun muni eiga sér stað á fyrir fram ákveðnum tíma. Starfsmaður ákveður með umsjáraðila hvar viðkomandi hittir barn og umsjáraðila í aðdraganda komu á Landspítala í Fossvogi.

2.1 Komið er á NM

- Barnaverndarstarfsmaður, barn og umsjáraðili skulu mæta í aðalanddyri Landspítala í Fossvogi á fyrir fram ákveðnum tíma þar sem hjúkrunarfræðingur NM tekur á móti viðkomandi aðilum og fylgir þeim í hvíldarherbergi sem er staðsett fyrir framan skoðunarherbergi NM

- Barnaverndarstarfsmaður og starfsmaður NM (hjúkrunarfræðingur eða læknir) fara saman inn á skoðunarherbergi NM. Barnavernd greinir frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir og afhendir beiðni barnaverndar um skoðun. Samráð um næstu skref og hvernig skoðun mun eiga sér stað.
- Starfsmaður barnaverndar snýr aftur í hvíldarherbergið þar sem barn og umsjáraðili biðu.
- Starfsmaður NM býður barni og umsjáraðila í skoðunarherbergi NM þar sem skoðun fer fram.
- Að skoðun lokinni er barni og umsjáraðila vísað aftur í hvíldarherbergi þar sem þau bíða á meðan starfsmaður barnaverndar fær upplýsingar um hvað var gert og hvað kom fram við skoðun frá starfsmanni NM í skoðunarherbergi NM.
- Starfsmenn barnaverndar og NM snúa aftur í hvíldarherbergið þar sem formlegu ferli skoðunar er lokið. Ef þörf er á eftirfylgni af hálfu NM (t.d. ef niðurstaðna er beiðið úr kynsjúkdómaprófum) ræðir starfsmaður NM einslega við umsjáraðila áður en starfsmaður barnaverndar, barn og umsjáraðili yfirgefa Landspítala.

3. Umsjáraðilar koma á NM með barn og óska eftir skoðun

- Aðili/ar mæta á bráðamóttöku barna á Hringbraut eða á bráðamóttöku í Fossvogi og bera upp erindi sitt um mögulegt kynferðisbrot gegn barni.
 - o Vaktstjóri talar við umsjáraðila, fær upplýsingar um ástæðu og vísar þeim á rólegan stað ef ljóst er, eða ef vafi leikur á, að barnið þurfi réttarlæknisfræðilega skoðun.
 - o Vaktstjóri hefur samband við og veitir hjúkrunarfræðingi NM upplýsingar . Hjúkrunarfræðingur NM mætir á staðinn, hittir umsjáraðila og barn ef þörf er á og hefur samband við barnavernd ef ljóst er að þörf er á réttarlæknisfræðilegri skoðun eða ef á því leikur vafi.
 - Ef ljóst er að ekki er þörf á / ekki er unnt að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun þá er send tilkynning til barnaverndar skv. 17. gr.
 - o Barnavernd tekur við upplýsingum frá hjúkrunarfræðingi NM, fær upplýsingar um frásögn sem fram hefur komið og mögulega atvikalýsingu ef hún hefur komið fram.
 - Atriði sem skipta máli:
 - Hver er grunurinn og hvers vegna hefur grunur komið fram?
 - Hver er mögulegur vettvangur brots (staðsetning)?
 - Hver er grunaður um að brjóta á barninu?
 - Eru einhverjir áverkar svo vitað sé?
 - Veit barnið/umsjáraðili að verið sé að tilkynna um mögulegt brot til barnaverndar?
 - Tengsl þess sem kemur með barninu og barnsins (umsjáraðili eða annar?)
 - o Ef barnavernd vill upplýsa lögreglu eða telur þörf á að meta stöðuna með lögreglu áður en tekin er ákvörðun um hvort óska skuli réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á barni: barnavernd hefur samband við lögreglu vegna framkominna upplýsinga, miðlar

upplýsingunum sem hafa komið fram um meint kynferðisbrot gegn barni. Stutt samráð um næstu skref málsins, m.a. hvort framkvæma skuli réttarlæknisfræðilega skoðun.

- Haft aftur samband við hjúkrunarfræðing á NM ef þörf er á (t.d. ef fyrri ákvörðun hefur verið breytt eftir samráð við lögreglu). Ef framkvæma á réttarlæknisfræðilega skoðun þarf að ákveða tímasetningu komu barnaverndarstarfsmanns á Landspítala Fossvogi.
- *Ef ákveðið er að óska ekki eftir réttarlæknisfræðilegri skoðun lýkur verklagi hér. Tilkynning skal send til barnaverndar skv. 17. gr. Því er beint til barnaverndar að gefa viðkomandi umsjáraðilum og barni viðtal sem fyrst ef ekki er unnt að hitta viðkomandi þann sama dag.*

- Ef réttarlæknisfræðileg skoðun skal fara fram:

- Barnavernd mætir á NM í Fossvogi á fyrir fram ákveðnum tíma til að styðja umsjáraðila og barn við ferli skoðunar (tíma- og staðsetning ákveðin í samtali starfsmanna barnaverndar og NM).
- Barnaverndarstarfsmaður og starfsmaður NM (hjúkrunarfræðingur eða læknir) fara saman inn á skoðunarherbergi NM. Samráð um næstu skref og hvernig skoðun mun eiga sér stað.
- Starfsmaður barnaverndar snýr í hvíldarherbergið þar sem barn og umsjáraðili biðu.
- Starfsmaður NM býður barni og umsjáraðila í skoðunarherbergi NM þar sem skoðun fer fram.
- Að skoðun lokinni er barni og umsjáraðila vísað aftur í hvíldarherbergi þar sem þau bíða á meðan starfsmaður barnaverndar fær upplýsingar um hvað var gert og hvað kom fram við skoðun frá starfsmanni NM í skoðunarherbergi NM.
- Starfsmenn barnaverndar og NM snúa aftur í hvíldarherbergið þar sem formlegu ferli skoðunar er lokið. Ef þörf er á eftirfylgni af hálfu NM (t.d. ef niðurstaðna er beðið úr kynsjúkdómaprófum) ræðir starfsmaður NM einslega við umsjáraðila áður en starfsmaður barnaverndar, barn og umsjáraðili yfirgefa Landspítala.